

## Paulinn 2023 - Fullorðnir

### Þorvaldsdalur að skálanum Derri

Leiðin liggur til Árskógsstrandar. Ekið er að Stærri-Árskógi á Árskógsströnd. Best er að leggja við kirkjuna eða keyra rétt inn í mynni dalsins og leggja við spennistöð sem þar er (vegurinn inn í dalinn liggur út af veginum að kirkjunni).

Veginum er fylgt svo langt sem hann nær eða þar til komið er að Hrafnagilsá. Farið yfir göngubrú á ánni og gengið eftir slóð rétt austan Þorvaldsdalsár yfir Hrafnagilshraun og nánast að vatninu sem er fyrir miðjum dalnum. Þá ætti að sjást í brú yfir Þorvaldsdalsá á hægri hönd (til vesturs). Farið er yfir brúna og áfram þaðan eftir nokkuð greinilegri slóð að skálanum Derri.

Skálinn Derrir stendur við Þverá sem kemur úr Þverárdal. Nafnið fær skálinn frá fjallinu Derri (1290 m) við Nautárdal.

Gott er að hafa í huga að símasambandslaust er á stórum hluta leiðarinnar.

Gengin er sama leið til baka.

Vegalengd báðar leiðir er 16 - 18 km. Gönguhækkun er um 150 m.

Göngutími er áætlaður 5 - 7 klst.